



fjölbreytni sköpun upplýsing

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

# Skýrsla um skólastarf

## í fangelsum

skólaárið 2024-2025

Gylfi Þorkelsson  
kennslustjóri

## 1. Inngangur

Eins og rætt var um í skýrslu síðasta skólaárs hafa breytingar á lögum um fullnustu refsinga haft mikil áhrif á hefðbundið skólastarf í fangelsunum. Stærri hluti vistmanna þar er verr á vegi staddur en lengst af hefur verið, og þar með eru færri í góðum færum til að stunda vinnu og nám. Þörfin fyrir heilbrigðisþjónustu er sívaxandi, geðræna- og fíknimeðferð, sem er grundvallarforsenda til að árangursríkt nám geti farið fram. Einnig fer hlutfall erlendra ríkisborgara í fangelsunum hækkandi og það hefur bein áhrif á skólastarfið.

Metnaðarfullar áætlanir um byggingu nýs fangelsins eru góðra gjalda verðar; skv. teikningum er gert ráð fyrir afbragðsaðstöðu til skólahalds. Hins vegar er hin gamla tugga, að „skóli er ekki hús“ alltaf í fullu gildi. Það reynir því á stjórnvöld og fangelsisvirkvöld að tryggja innihaldsríkt starf við bættar ytri aðstæður. Það á ekki síst við um góða heilbrigðisþjónustu, sem er grundvöllur alls annars betrunarstarfs í fangelsunum.

Innan fangelsisdeildar Fjölbautaskóla Suðurlands er áratuga reynsla og vilji til að efla nám og kennslu á allan hátt. Starfið takmarkast nú fyrst og fremst af tvennu: bágrí aðstöðu og þeirri fjárveitingu sem er eyrnamerkt þjónustu við fangelsin. Þegar hyllir undir gerbreytingu á aðstöðunni, með nýrri, sérhannaðri byggingu á næstu árum, er von okkar sem störfum við skóladeild FSu í fangelsunum að fjármagn fylgi til að skapa enn betri skóla innan hinna væntanlegu og glæstu múra.

## 2. Haustönn 2024

### 2.1 Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Erla Brimdís Birgisdóttir, sálfræðikennari Sogni (fjarnám)

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)

Ingunn Björnsdóttir, lögfræðikennari Sogni (fjarnám)

Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og iðnteiknikennari Sogni og LH (staðnám/fjarnám)

Jón Sigursteinn Gunnarsson, tréiðnakennari LH (staðnám)

Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði

Paola Daziani, enskukennari, LH og Sogni (staðnám)

Sigríður Guðmundsdóttir, spænskukennari LH og Sogni (fjarnám)

Guðmundur Garðar Sigfússon, íþróttakennari, LH (staðnám)

Ægir Sigurðson, stærðfræðikennari, LH (staðnám)

### 2.2 Samantekt um skólahaldið

Alls voru 37 nemendur skráðir í 477 einingar hjá FSu í fangelsunum á haustönn 2024; 30 nemendur á Litlahrauni og 7 í Sogni. Auk þess stunduðu nokkrir nemendur fjarnám við aðra skóla, sem ekki koma við þessa tölfræði, nemendur á Hólmsheiði og á Kvíabryggju nutu aðstoðar náms- og starfsráðgjafa við skráningu og fengu fjölpætta ráðgjöf.

Skólahald hófst mánudaginn 19. ágúst með fundum, undirbúningi og skráningu nemenda. Kennsla hófst daginn eftir, þriðjudaginn 20. ágúst. Hefðbundin staðkennsla fór fram fimm daga vikunnar á Litlahrauni og þrjá daga í Sogni. Skólahald var með allra daufasta móti, nemendur fáir og stunduðu námið á heildina litið illa. Heilt hús á Litlahrauni var lokað

vegna endurbóta og vistmenn með fæsta móti, sem hafði bein áhrif á nemendafjölda. Erlendir ríkisborgarar voru 62% nemenda á skrá, eða 23 af 37, og margir af þeim gátu ekki eða illa talað annað en móðurmál sitt, framandi tungur, og því voru samskipti erfið. Mjög fáir íslenskir vistmenn í fangelsunum eru færir um að stunda vinnu eða nám, þeim hefur farið hraðfækkandi undanfarin ár, svo við blasa augljósar breytingar á skólahaldi með sömu þróun áframhaldandi. Í samræmi við þetta var námsframboð í minnsta lagi, aðeins 8 kennarar frá FSu störfuðu við fangelsisdeildina, auk námsráðgjafa, þar af 6 í staðkennslu en tveir fjarkenndu einum nemanda á Sogni. Alls var boðið upp á 22 mismunandi námsáfangar í 8 námsgreinum: ensku, íslensku, íþróttum, lögfræði, sálfræði, spænsku, stærðfræði og trésmíði. Ekki varð það til upplýfingar námsárangri að verkfall skall á í lok október og stóð fram í desember og segja má að það hafi slökkt þá glóð sem þó tírði á einhverju skari. Þó reynt hafi verið að bjarga einhverju, kenna fram undir jól og eftir áramót til 10. janúar, þá voru nemendur bara hættir og komu ekki aftur eftir verkfall. Sjaldan eða aldrei hafa færri nemendur gengist undir námsmat og verður önnin að teljast afbrigðileg vegna þeirra ytri aðstæðna sem getið hefur verið.

## 2.3 Yfirlit yfir námsárangur

Aðeins 3 nemendur skiluðu sér til námsmats, af 37 skráðum, sem er 8%. Brottfall telst þá vera 34 af 37, eða 92%. En þessir þrír stóðust þó allar þær 27 einingar sem voru metnar hjá þeim. Það eru 100%. Vel gert.

### Einkunnadreifing H24

| Eink.  | 10  | 9     | 8     | 7     | 6  | 5  | 4  | 3  | 2  | 1  | F  |
|--------|-----|-------|-------|-------|----|----|----|----|----|----|----|
| Fjöldi | 3   | 1     | 1     | 1     | 0  | 0  | 0  | 0  | 0  | 0  | 0  |
| /6     | 50% | 16,7% | 16,7% | 16,7% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% |

## ALMENNT BÓKNÁM

### Enska

| ENSK- | Fjöldi nem. | Staðið | F | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|-------|-------------|--------|---|------------|------------------|
| 1HA05 | 1           | 1      | 0 | 10         | 5 / 100%         |
| 2HB05 | 1           | 1      | 0 | 10         | 5 / 100%         |
| 2HC05 | 1           | 1      | 0 | 10         | 5 / 100%         |

### Íþróttir

| ÍÞRÓ- | Fjöldi nem. | Staðið | Fall | (Meðal)eink. | Staðnar ein. / % |
|-------|-------------|--------|------|--------------|------------------|
| 2BL02 | 1           | 1      | 0    | 7            | 2 / 100%         |

### Lögfræði (fjarnám)

| LÖGF- | Fjöldi nem. | Staðið | Fall | (Meðal)eink. | Staðnar ein. / % |
|-------|-------------|--------|------|--------------|------------------|
| 2LÖ05 | 1           | 1      | 0    | 8            | 5 / 100%         |

### Sálfræði (fjarnám)

| SÁLFR- | Fjöldi nem. | Staðið | Fall | (Meðal)eink. | Staðnar ein. / % |
|--------|-------------|--------|------|--------------|------------------|
| 3AF05  | 1           | 1      | 0    | 9            | 5 / 100%         |

### 3. Vorönn 2025

#### 3.1 Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Björgvin Guðni Sigurðsson, tölvukennari, Sogni og LH (staðnám / fjarnám)

Brynja Ingadóttir, þýskukennari LH (fjarnám)

Erla Brimdís Birgisdóttir, sálfræðikennari Sogni (fjarnám)

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)

Guðmundur Garðar Sigfússon, íþróttakennari, LH (staðnám)

Hildur Björg Vilhjálmsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni, Hólmsheiði og Kvíabryggju

Ingvar Bjarnason, stærðfræði/grunnteikn. kennari, Sogni (staðnám)

Jón Sigursteinn Gunnarsson, tréiðnakennari LH (staðnám)

Lárus Ágúst Bragason, sögukennari, LH og Sogni (fjarnám)

Paola Daziani, enskukennari, LH og Sogni (staðnám)

Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari, LH (staðnám)

#### 3.2 Samantekt um skólahaldið

Alls voru 85 nemendur skráðir í 1061 einingu í 34 mismunandi áföngum við FSu í fangelsunum á vorönn 2025; 65 á Litlahrauni og 20 í Sogni. Eins og jafnan varð brátt um margan skráðan nemandann, því vilji er ekki allt sem þarf í þessu umhverfi. Nokkrir nemendur í fangelsunum voru að auki skráðir í fjarnám við aðra skóla á önninni.

Vegna verkfalls á haustönn hófst skólahald á vorönn seint, eða mánudaginn 13. janúar með fundum og skráningu nemenda. Kennsla hófst miðvikudaginn 15. jan. skv. stundaskrá.

Í Sogni sinntu 4 kennarar frá FSu staðbundinni kennslu í ensku, íslensku, stærðfræði og upplýsingatækni einu sinni í viku hver. Á Litlahrauni sinntu 5 kennarar staðbundinni kennslu í ensku, íslensku, íþróttum, stærðfræði og trésmíði. Ekki var starfandi sérkennari á önninni. Kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi eru með fasta viðveru og starfsaðstöðu á Litlahrauni og heimsækja hin fangelsin eftir þörfum.

Skólastarfið á vorönn var erilsamt. Eftir dauða haustönn hljóp á snærið og skráningar voru með allra mesta móti, og í samræmi við þróun síðustu skólaár var stór hluti nemenda útlendingar, 7 af 20 í Sogni, eða 35%, og 36 af 65 á Litlahrauni, eða 55,4%; 50,6% í heildina. Þetta setur vissulega sterkan svip á skólahaldið, því samskipti eru ekki alltaf auðveld vegna tungumálaörðugleika.

Af 85 nemendum á skrá luku 28 einhverju námsmati, eða 33%. 67% brottfall er vissulega mikið, en á það ber að líta að 95,5% eininga, sem metnar voru, stóðust. Og þykir ekki dónalegt hlutfall.

Fimm kennarar tóku að sér 6 fjarnámsnemendur í 5 mismunandi áföngum, alls 30 einingar. Fjórir hættu fljótlega í fjarnáminu en 2 luku því með sóma og skiluðu 10 einingum.

#### 3.3 Yfirlit yfir námsárangur

Eins og áður sagði voru nemendur skráðir í 1061 einingu á önninni. Af þeim komu 220 til námsmats. Af þeim stóðust 210 eða 95% en 10 fóru í súginn, tæp 5%. Alls voru gefnar 48 einkunnir og stóðust 46 en 2 féllu. Nemendur koma í skólann og fara á öllum tímum, eru fluttir burt án fyrirvara. Mikið brottfall skýrist að hluta af því en aðrar ástæður fyrir brottfalli í þessum nemendahópi eru kunnar og liggur ljóst fyrir að ekki er raunhæft að allar skráningar skili sér í námsmati og einkunnum.

## Einkunnadreifing V25

| Eink.  | 10   | 9     | 8     | 7     | 6    | 5    | 4 | 3 | 2 | 1 | F    |
|--------|------|-------|-------|-------|------|------|---|---|---|---|------|
| Fjöldi | 2    | 23    | 8     | 9     | 2    | 2    | 0 | 0 | 0 | 0 | 2    |
| /36    | 4,2% | 47,9% | 16,7% | 18,8% | 4,2% | 4,2% |   |   |   |   | 4,2% |

## ALMENNT BÓKNÁM

### Enska

| ENSK- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|-------|-------------|--------|-----|------------|------------------|
| 1HF05 | 6           | 6      | 0   | 6,7        | 30 / 100%        |
| 1HA05 | 7           | 7      | 0   | 8,4        | 35 / 100%        |
| 2HB05 | 6           | 6      | 0   | 9          | 30 / 100%        |
| 2HC05 | 5           | 5      | 0   | 9          | 25 / 100%        |
| 2OR05 | 3           | 3      | 0   | 8,7        | 15 / 100%        |
| 3FO05 | 1           | 0      | 1   | F          | 0 / 0%           |
| 3YL05 | 1           | 1      | 0   | 8          | 5 / 100%         |

### Íslenska

| ÍSLE- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|-------|-------------|--------|-----|------------|------------------|
| 1LR05 | 1           | 0      | 1   | F          | 0 / 0%           |
| 2VÍ05 | 1           | 1      | 0   | 8          | 5 / 100%         |

### Íþróttir

| ÍÞRÓ- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|-------|-------------|--------|-----|------------|------------------|
| 2BL02 | 2           | 2      | 0   | 7          | 4 / 100%         |

### Sálfræði (fjarnám)

| SÁLF- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|-------|-------------|--------|-----|------------|------------------|
| 3PF05 | 1           | 1      | 0   | 9          | 5 / 100%         |

### Stærðfræði

| STÆR- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|-------|-------------|--------|-----|------------|------------------|
| 1AA05 | 1           | 1      | 0   | 8          | 5 / 100%         |

### Upplýsingatækni

| TÖLN- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|-------|-------------|--------|-----|------------|------------------|
| 1GR05 | 6           | 6      | 0   | 8,7        | 30 / 1000%       |

## GRUNNNÁM BYGGINGAGREINA

## HÚSASMÍÐABRAUT

### Trésmíði

| TRÉS- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|-------|-------------|--------|-----|------------|------------------|
| 1VA03 | 7           | 7      | 0   | 7,7        | 21 / 100%        |

## 4. Almennt um nám og kennslu á skólaárinu

### 4.1 Enska

Sjö enskuáfangar voru kenndir á vorönn 2025: ENSK1HF, ENS1HA, ENSK2HB, ENSK2HC, ENSK2OR, ENSK3FO, ENSK3YL. Alls 14 nemendur luku einingum með stöðuprófi. Tveir nemendur kláruðu áfanga eftir ástundun.

Flestir nemendur voru á byrjendastigi og skráðir í ENSK1HF. Sumir þeirra höfðu litla sem enga enskukunnáttu. Mæting var oftast góð og nokkru sinnum var stofan full. Flestir nemendur mættu reglulega, en aðrir bara öðru hvoru.

### 4.2 Íslenska

Eins og í öðrum greinum voru erlendir nemendur áberandi í íslensku. Nónokkrir þeirra voru áhugasamir og unnu marvisst. Hins vegar er ekki tækifæri til að kenna íslensku sem annað mál, á fullnægjandi hátt, því allir íslenskunemendurnir eru saman í stofu og því ekki mögulegt að æfa framburð og samtöl eins og vert væri, án þess að trufla nemendur í öðrum áföngum. Erlendir nemendur æfa sig því í hlustun, ritun og málfræði, hver fyrir sig.

Aðeins einn nemandi lauk einingum á vorönn, 5 einingum á 2. þrepi, en nokkrir eru langt komnir og eiga í raun bara eftir herslumuninn að ljúka áföngum.

### 4.3 Íþróttir

Kenndir voru tveir áfangar á vorönn, Íþróttir 1 og verklegur blakáfangi. Þeir voru kenndir samhliða og það hentaði sérstaklega vel fyrir nemendur af erlendu bergi brotnu, þar sem meiri áhersla var á verklega þátttöku en bóklega færni.

Markmiðið með kennslunni var að hafa hana sem fjölbreyttasta, finna út hverju nemendur höfðu áhuga á og hvetja þá til að hreyfa sig og tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Bóklegi hlutinn var skipulagður með fyrirlestrum, fræðslu, heimildamyndum og vinnu við ýmis verkefni. Í verklega hlutanum var farið í allar helstu íþróttagreinar og teknar líkamsmælingar. Blakið var í aðalhlutverki í verklegu tímunum.

Nemendur gerðu sitt eigið æfingaplan sem þeir gátu framkvæmt innan veggja fangelsisins. Sýnd var heimildamynd um Jón Pál Sigmarsson og svo var haldið próf úr reglunum í blaki.

Allt í allt gekk þetta bara nokkuð vel. Mæting var yfirleitt góð, þó hún væri stundum misjöfn milli vikna. Nemendur sýndu oft áhuga, sérstaklega í verklegu tímunum.

### 4.4 Saga

Námið í sögu varð endasleppt. Nemendur byrjuðu á báðum önnunum en misstu fótanna og engar einingar náðust áskólaárinu.

### 4.5 Spænska

Alltaf er nokkur áhugi á spænskunámi og vel athugandi að bjóða upp á staðnám. Það er erfitt að læra nýtt tungumál eingöngu í fjarnámi með takmarkað aðgengi að kennara. Þá veldur það miklum erfiðleikum í fangelsunum að krafist er rafrænna skilríkja til að skrá sig í Innu, þar sem kennslumhverfið er hýst, en margir fangar eru án slíkra skilríkja og hafa heldur ekki síma undir höndum. Nokkrir nemendur voru skráðir í spænsku við upphafi beggja anna en tæknilegar hindranir reyndust þeim ofviða og þeir hættu allir áður en til kastanna kom.

#### 4.6 Stærðfræði

Á haustönn 2024 voru skráðir 5 nemendur í stærðfræði í Sogni, lengst af, 1 Íslendingur og 4 af erlendu bergi brotnir. Þeir voru allir í byrjunaráfanga (STÆR1AA05). Talsverðir tungumálaörðug leikar voru í tímunum, einn nemandinn, franskur, talaði hvorki íslensku né ensku og svipað var með tvo aðra nemendur sem voru pólskir. En þetta bjargaðist samt allt, allir voru ágætlega virkir í tímum og unnu vel. Enginn nemandi náði þó að klára áfanga á önninni, enda voru flestir þeirra í frekar stuttan tíma í námi.

Á vorönn 2025 voru nemendur skráðir í tvo stærðfræðiafanga (STÆR1AA05 og STÆR2RU05). Þeir voru 4 lengst af, þar af 1-2 íslenskir nemendur á tímabili. Tveir erlendir nemendur mættu mjög vel allan þann tíma sem þau voru skráð í nám og unnu vel í tímum en enginn nemandi náði þó að klára áfanga á önninni. Voru eins og á haustönninni í frekar stuttan tíma í námi.

Einn nemandi lauk áfanga á Litlahrauni. Aðrir kláruðu ekki að þessu sinni en eru þó komnir vel áleiðis. Annars var skólaárið nokkuð svipað undanförunum árum, nokkuð mikið um breytingar í nemendahópnum og nemendur að vinna ágætlega þegar þeir mæta. Fáir sem mættu nægilega vel til þess að eiga möguleika á því að klára áfanga.

#### 4.7 Trésmíði

Nám og kennsla gengu ágætlega á vorönninni, þrátt fyrir að nokkrir hafi gufað upp fljótlega. Sjö nemendur luku áfanganum TRÉS1VA03. Einn nemandi tók lokaverkefni húsasmiða (LOKA3HU08) og stefnir hann á að halda áfram með það næsta haust. Hann fékk nokkur bókleg verkefni til að vinna í og skoða í sumar.

Einnig er rétt að ítreka það sem rætt hefur verið; að bjóða upp á kennslu í efnisfræði (EFRÆ1EF05) og grunnteikningu (GRTE1GR05) samhliða verklega áfanganum. Það mætti skipuleggja sem blöndu af fjar- og staðnámi. Það er að öllum líkindum eftirspurn eftir þessu námi.

#### 4.8 Upplýsingatækni

Kennsla í tölvunotkun á Sogni á vorönn 2025 gekk einkar vel. Þau fimm sem sátu allt námskeiðið mættu og unnu vel. Nemendur voru á nokkuð mismundandi getustigi. Náms efni og verkefni voru því sniðin eftir hverjum og einum.

Góður andi var í hópnum sem var námsfús og jákvæður. Greinilegar framfarir voru á meðal allra nemendanna í tölvunotkun en upphafsstaðan var allt frá því að útskýra frumforsendur tölvunotkunar yfir í prýðilega færni í Word, Excel og Power point. Þá lauk einn nemandi á Litlahrauni áfanganum í fjarnámi, með miklum sóma.

#### 4.9 Annað nám

Auk þessa sem þegar er talið var orðið við óskum um fjarnám í 4 öðrum námsgreinum, lögfræði, sálfræði, iðnteikningu og þýsku. Sami nemandinn lauk 15 einingum í fjarnámi á skólárinu, 10 í sálfræði og 5 í lögfræði en nemendur í hinum síðarnefndu náðu sér ekki á strik og hurfu frá námi.

## 5. Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi (NSR) frá FSu starfaði í 100% stöðuhlutfalli í fangelsunum á haustönn en aðeins í 50% hlutfalli á vorönn. Ákvörðun var tekin um að minnka stöðuhlutfallið tímabundið í kjölfar slælegrar skráningar á haustönninni, en nýta fremur fjármagnið til að auka námsframboð. Bæði var skoðað að hefja kennslu í matreiðslu og upplýsingatækni í Sogni og tókst að koma upplýsingatæknikennslu á koppinn, með afbragðsgóðum árangri.

Það kom síðan í ljós fljótlega á vorönn að haustönnin var alger undatekning, sprenging varð í skráningum og óskum eftir viðtölum hjá ráðgjafa strax í janúar og full þörf á 100% stöðugildi, eins og venjan hefur verið mörg undanfarin ár.

## 6. Lokaorð

Skólaárið 2024-2025 var undarlegt. Mikil deyfð var yfir öllu á haustönninni, alveg frá upphafi, nemendur fáir og lítið líf í þeim sem þó skráðu sig til leiks. Nánast alkul á mörgum sviðum og hefur undirritaður ekki kynnst öðru eins á þeim rúmu þremur áratugum sem hann hefur starfað við skólann í fangelsunum. Verkfall undir lok annar bætti svo ekki úr og má segja að það hafi veitt mestallri námsframvindu náðarhöggið.

Strax við upphaf vorannar var komið annað hljóð í strokkinn. Skólinn fylltist af lífi, skráningar með allra mesta móti svo bæði kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi höfðu ekki undan. Námsárangur hefur þó oft verið betri, en það skýrist af ástæðum sem raktar hafa verið, bæði fyrr í þessari og einnig í skýrslu fyrra árs; hærra hlutfall andlega veikra og fíknisjúklinga og erlendra ríkisborgara meðal vistmanna.

Rætt hefur verið um þörf á sérkennslu og auknu verklegu námi í öllum skýrslum í langan tíma. Áfram skal sá steinn klappaður. Eins og fyrr er brottfall úr námi mikið en á því eru eðlilegar skýringar. Hlutfall staðinna eininga af metnum er á móti mjög hátt og sýnir að margt er hægt þrátt fyrir fjölþætta erfiðleika og á stundum grimmt ljón í veginum.

Við lok skólaárs þakkar undirritaður öllum viðkomandi kærlega fyrir afar gott og ánægjulegt samstarf. Það er uppörvandi að finna meðal nemenda, starfsfólks fangelsanna og fjölbrautaskólans skilning á mikilvægi þess starfs sem fram fer í skóladeild FSu í fangelsunum.

Laugarvatni, 27. maí 2025.  
Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri.